

Matvælaráðuneytið

Skúli Kristinn Skúlason sérfræðingur á sjávarútvegsskrifstofu

5. apríl 2024

Efni: Tillaga um fjölda veiðidaga á grásleppuvertíðinni 2024

Landssamband smábátæigenda (LS) hefur fjallað um hvort ástæða sé til að breyta leyfilegum dagafjölda frá því sem fram kemur í reglugerð um hrognkelsaveiðar árið 2024, 25 samfelldir dagar.

Niðurstaða grásleppunefndar LS er að leggja til að fjöldi veiðidaga verði 30 – 32.


Meðfylgjandi tafla sýnir stöðu veiðanna í gær, 4. apríl. Tölur unnar úr skjali frá Fiskistofu. Sérstakur dálkur er hafður fyrir tímabilið 1. mars til og með 20. mars. Til samanburðar við stöðuna á yfirstandandi vertíð eru tölur frá árunum 2023 og 2022.

	1.3 – 20.3. 2024	2024	2023	2022
Afli	139 Tonn	330 Tonn	179 Tonn	420 Tonn
Landað	21 bátur	46 Bátar	44 Bátar	59 Bátar
Fjöldi landana	135 Landanir	294 Landanir	186 Landanir	258 Landanir
Landanir	6,4 pr. bát	6,4 pr. bát	4,2 pr. bát	4,4 pr. bát
Afli pr. löndun	1,03 tonn	1,12 tonn	0,96 Tonn	1,63 Tonn
Leyfis dagar	135 Dagar	492 Dagar	472 Dagar	517 Dagar
Afli pr. leyfis dag	1,03 tonn	671 Kg	378 Kg	811 Kg
Milli umvitjana		1,67 Dagar	2,54 Dagar	2,00 Dagar
Mestur afli á bát	19,4 Tonn	28,0 Tonn	17,3 Tonn	30,5 Tonn
Meðaltal á bát	6,6 Tonn	7,2 Tonn	4,1 Tonn	7,1 Tonn
Þorskaflí	32 Tonn	95 Tonn	132 Tonn	138 Tonn
Þorskur / grásleppa	23%	29%	73,8%	33,0%
Heildarafli á vertíð		95 Tonn	3.797 tonn	4.293 Tonn
Fjöldi daga á vertíð		?? Dagar	45 Dagar	25 Dagar
Fjöldi báta á vertíð		??? bátar	166 bátar	175 bátar

Eins og sjá má svipar þróun veiða nú nokkuð við vertíðina 2022, hvað varðar afla á hvern leyfisdag, mestan afla á bát, meðaltal og hlutfall þorsks sem meðafla. Það sem er ólíkt vertíðinni nú og 2022 er fjöldi báta sem hafa hafið veiðar.

Niðurstöður úr mælingu Hafrannsóknastofnunar í mars mæla lífmassavísitölu enn lága og þar með annað árið í röð í sögulegu lágmarki. Mælist aðeins rúmur þriðjungur þess sem hún var árið 2021.

Grafið sýnir árlega lífmassavísitölu grásleppu úr stofnmælingum Hafrannsóknastofnunar í mars.



Að teknu tilliti til þessara niðurstaðna þykir grásleppunefnd LS ástæða til að fara varlega til að tryggja áframhaldandi sjálfbærni veiðistofnsins.

Við ákvörðun um dagafjölda á vertíðinni telur grásleppunefnd upphaf vertíðar nú að mörgu leyti svipa til gang veiða 2022 sem skilaði 4.293 tonna heildarafla þar sem veiðidagar voru 25.

Grásleppunefnd LS ítrekar áður framkomnar áhyggjur vegna veiða með flottrolli.

Virðingarfyllt

Grásleppunefnd LS:

Hafþór Jónsson Patreksfirði
Hjálmar Höskuldur Hjálmarsson Hofsósi
Kári Borgar Ásgrímsson Borgarfirði Eystra
Ríkharð Lúðvíksson Ólafsfirði.

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

